



## SAMPYKKTIR

### MAREL HF.

|    |  |    |
|----|--|----|
| 1  | HEITI FÉLAGSINS, HEIMILI OG TILGANGUR    | 2  |
| 2  | HLUTAFÉ FÉLAGSINS                        | 2  |
| 3  | STJÓRNSKIPULAG                           | 3  |
| 4  | HLUTHAFAFUNDIR                           | 3  |
| 5  | STJÓRN FÉLAGSINS                         | 7  |
| 6  | STJÓRNARKJÖR                             | 8  |
| 7  | VERKASKIPTING STJÓRNAR                   | 8  |
| 8  | STJÓRNARFUNDIR                           | 8  |
| 9  | FORSTJÓRI                                | 9  |
| 10 | REIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN                | 9  |
| 11 | EIGIÐ HLUTAFÉ FÉLAGSINS                  | 9  |
| 12 | BREYTINGAR Á SAMPYKKTUM FÉLAGSINS        | 9  |
| 13 | SLIT Á FÉLAGINU                          | 10 |
| 14 | SAMRUNI OG SKIPTING                      | 10 |
| 15 | SÉRÁKVÆÐI UM HLUTAFJÁRHÆKKANIR OG FLEIRA | 10 |
| 16 | ÖNNUR ÁKVÆÐI                             | 10 |

Útg. 20. mars 2024

**SAMÞYKKTIR  
MAREL HF.**

**1     HEITI FÉLAGSINS, HEIMILI OG TILGANGUR**

- 1.1 Heiti félagsins er Marel hf.
- 1.2 Félagið er hlutafélag.
- 1.3 Heimilisfang félagsins er að Austurhrauni 9, 210 Garðabæ.
- 1.4 Tilgangur félagsins er þróun, hönnun, framleiðsla, kaup og sala á rafeindatækjum, hugbúnaði og skyldum búnaði innanlands og erlendis, svo og tilheyrandi þjónusta og starfsemi. Ennfremur rekstur fasteigna, kaup og sala verðbréfa og eignarhald á dótturfélögum.

**2     HLUTAFÉ FÉLAGSINS**

**Hlutafé – hlutir - atkvæði**

- 2.1 Hlutafé félagsins er kr. 771.007.916.  
(Sérákvæði um hlutafjárhækkanir er að finna í grein 15).
- 2.2 Hver hlutur er ein króna þar til skráningu hlutafjár hefur verið breytt í evrur.
- 2.3 Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félagini.
- 2.4 Stjórn félagsins er heimilt að skrá hlutafé þess í erlendri mynt í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga. Ákveði stjórnin að nýta sér heimild þessa skal hlutafé félagsins samkvæmt grein þessari breytt í evrur. Skal við umreiknun hlutafjárins fara að ákvæðum laga um ársreikninga nr. 3/2006, sbr. 5. mgr. 1. gr. laga um hlutaféloð nr. 2/1995. Skal stjórn jafnframt heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins sem leiða af útgáfunni, þ.á m. breyta fjárhæðum þeim sem fram koma í 2. gr. samþykktu félagsins og varða breytinguna, með sömu umreiknunaraðferð.

**Aukning hlutafjár**

- 2.5 Hluthafafundur einn getur samþykkt aukningu hlutafjár í félagini, hvort heldur með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta.

**Forgangsréttur**

- 2.6 Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skráða hlutaeign sína. Heimilt er að víkja frá ákvæði þessu sbr. 3. mgr. 34 gr. hlutafélagalaga.

**Hlutabréf - hlutaskrá**

- 2.7 Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa.
- 2.8 Hlutaskrá samkvæmt ákvæði laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa skoðast fullgild sönnun

fyrir eignarrétti að hlutum í félagini, og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.

### Sala hluta og eigendaskipti

- 2.9 Engar hömlur eru lagðar á rétt hluthafa til sölu á hlutum sínum. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.

### Réttindi og skyldur hluthafa

- 2.10 Hluthöfum er skylt, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar af þeirra hálfu, að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru á hverjum tíma. Hluthafar verða ekki, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutafjáreign sína í félagini og eigi heldur til að sæta innlausn á hlutum sínum. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félagini, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggerningi. Þessu ákvæði verður hvorki breytt né heldur fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.
- 2.11 Engin sérréttindi fylgja neinum hlut í félagini.

### Samskipti við hluthafa

- 2.12 Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að send skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír. Skal félagsstjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar sem skal vera hluthöfum aðgengilegur. Þeir hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræn samskipti við félagið með þessum hætti skulu staðfesta það í samræmi við þær reglur sem félagsstjórn setur.

## 3 STJÓRNSKIPULAG

- 3.1 Með stjórnun félagsins fara:
1. Hluthafafundir.
  2. Stjórn félagsins.
  3. Forstjóri.

## 4 HLUTHAFAFUNDIR

- 4.1 Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmaðra hluthafafunda.

### Réttur til þátttöku

- 4.2 Rétt til setu á hluthafafundum hafa hluthafar, umboðsmenn hluthafa, stjórn félagsins, endurskoðendur félagsins og forstjóri, þótt ekki sé hluthafi. Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar. Hluthafa er heimilt að sækja fund

ásamt ráðgjafa, en ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

- 4.3 Réttur hluthafa til setu á hluthafafundum, sbr. gr. 4.2., er bundinn því að hluthafi hafi tilkynnt félagini um þáttöku sína á hluthafafundi fyrir lok skráningarfrests sem tilgreindur er í fundarboði. Lok skráningarfrests (skráningardagur) getur verið allt að einni viku fyrir fundinn. Atkvæðisréttur hluthafa á fundinum fer eftir fjölda hluta á því tímamarki þegar skráningarfresti lýkur.
- 4.4 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað. Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að gefa hluthöfum kost á að taka þátt í fundarstörfum með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað og ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði.
- 4.5 Hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræna þáttöku skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um fyrir lok skráningardags, sbr. gr. 4.3. og leggja þar fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.
- 4.6 Hluthafar skulu hafa aðgengi að leiðbeiningum um þáttöku í hluthafafundi með rafrænum hætti ásamt aðgangsorði og nauðsynlegum hugbúnaði til slíkrar þáttöku. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tölvuforrit undirskrift viðkomandi hluthafa og telst viðurkenning á þáttöku hans í hluthafafundinum.

#### **Rafrænir hluthafafundir**

- 4.7 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt.
- 4.8 Telji stjórnin gerlegt að halda fundinn algjörlega rafrænt með viðeigandi búnaði og gefa hluthöfum þannig kost á þáttöku í fundarstörfum og atkvæðagreiðslu skulu í fundarboði koma fram upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um það hvernig hluthafar tilkynni um rafræna þáttöku sína og hvar þeir nálgist upplýsingar, leiðbeiningar og aðgangsorð til þáttöku í fundinum. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tölvuforrit undirskrift viðkomandi hluthafa og telst viðurkenning á þáttöku hans í hluthafafundinum.

#### **Atkvæðagreiðsla utan fundar**

- 4.9 Ef stjórn telur ekki framkvæmaðlegt að gefa hluthöfum kost á þáttöku í hluthafafundi rafrænt skal hluthöfum gefinn kostur á að greiða atkvæði um tillögur eða taka þátt í kosningum bréflega. Setur stjórn reglur um framkvæmd slíkrar kosningar.

#### **Umboð**

- 4.10 Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð.
- 4.11 Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félagini eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar, hvort heldur sem fyrr er.

#### **Lögmæti hluthafafunda**

- 4.12 Hluthafafundur er lögmætur hafi löglega verið til hans boðað.

## Aðalfundur

4.13 Aðalfund skal halda innan átta mánaða frá lokum reikningsárs ár hvert. Aðalfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðrir hluthafafundir skv. ákvæðum í grein 4.16 og 4.17.

### Dagskrá aðalfundar

4.14 Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
3. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu.
5. Kosning stjórnar félagsins.
6. Kosning endurskoðanda.
7. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá.
8. Önnur mál.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárlins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um lið 2 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

Ársreikningur félagsins, skýrsla stjórnar, skýrsla endurskoðanda, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, tillaga stjórnar um starfskjarastefnu og aðrar tillögur stjórnar til aðalfundar skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis eigi síðar en 21 dögum fyrir aðalfund.

### Boðun hluthafafunda

4.15 Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörinn endurskoðandi eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárlins, krefjast þess skriflega og greina fundarefní.

4.16 Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin skal stjórninni skylt að boða til fundar innan 21 dags frá því er henni barst krafan. Hafi félagsstjórn eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að til fundarins verði boðað skv. ákvæðum 2. mgr. 87. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

4.17 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði haldinn á öðrum stað en á heimili félagsins.

4.18 Hluthafafundir skulu boðaðir með rafrænum hætti til að tryggja skjótan aðgang að upplýsingunum á jafnréttisgrundvelli. Skylt er að nota trausta miðla er tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska efnahagssvæðinu.

### Boðunarrestur

4.19 Hluthafafundir skulu boðaðir með skemmst þriggja vikna fyrirvara, nema hluthafar félagsins hafi áður samþykkt boðun með skemmri fyrirvara á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í 88. gr. a laga um hlutafélög nr. 2/1995.

4.20 Í fundarboði skal að minnsta kosti greina:

1. Fundarstað og drög að dagskrá.
2. Skýrar og nákvæmar reglur um þáttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi. Meðal annars skal upplýsa um:
  - a. Rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og leggja fram ályktunartillögur sé slíkt unnt eftir útgáfu fundarboðs, svo og spryja spurninga, auk frests til að nýta þennan rétt.
  - b. Reglur um atkvæðagreiðslu fyrir atbeina umboðsmanns, eftir atvikum eyðublöð vegna slíkra atkvæðagreiðslu og á hvern hátt félag sé reiðubúið að samþykkja rafrænar tilkynningar um skipun umboðsmanns, og
  - c. Reglur um skriflega eða rafræna atkvæðagreiðslu eftir því sem við á.
  - d. Skráningardag vegna tilkynningar hluthafa til félagsins um þáttöku hluthafa á hluthafafundum.
3. Hvar og hvenær megi nálgast eftirfarandi upplýsingar:
  - a. Skjöl sem lögð verða fyrir fundinn.
  - b. Tillögur og greinargerð frá stjórn eða undirnefndum stjórnar vegna dagskráliða fundarins.
  - c. Hluthafatillögur.

4.21 Ef taka á til meðferðar á fundi tillögu um breytingar á samþykktum félagsins skal greina megin-efni tillögunnar í fundarboði.

### Tillögur frá hluthöfum

4.22 Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málid á dagskrá fundarins, þó í síðasta lagi sjö dögum eftir að gögn skv. 4. mgr. 88. gr. laga um hlutafélög hafa verið birt. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til stjórnar félagsins. Stjórn félagsins skal a.m.k. þremur dögum fyrir fundinn upplýsa hluthafa með öruggum hætti um slíka kröfu og eftir atvikum tillöguna, svo og eftir atvikum endurskoða dagskrá fundarins, t.d. á vef félagsins.

### Dagskrá

4.23 Dagskrá skal lögð fram á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis, ásamt endanlegum tillögum sem koma eiga til afgreiðslu, eigi skemur en 7 sólarhringum fyrir fund, en 14 dögum fyrir aðalfund.

### Breytingartillögur

4.24 Löglega frambornar viðauka- og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið frammi hluthöfum til sýnis.

### Mál sem ekki eru á dagskrá

4.25 Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa í félagini, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

4.26 Komi fram tillögur undir dagskráliðnum „Önnur mál“ verða þau ekki tekin til endanlegrar úrlausnar, sbr. gr. 4.23.

## Fundarstjóri

- 4.27 Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs, og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

## Fundargerðarbók

- 4.28 Halda skal sérstaka fundargerðarbók og skrá þar allar fundarsamþykktir og úrslit atkvæðagreiðslna, svo og gagnorðar fundargerðir. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá athugasemdir sem fram koma. Fundargerð skal undirrituð af fundarstjóra og fundarritara. Skulu fundargerðirnar síðan vera full sönnun þess sem fram hefur farið á hverjum hluthafafundi.

## Atkvæðavægi

- 4.29 Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu, skal hlutkesti ráða.

## 5 STJÓRN FÉLAGSINS

- 5.1 Aðalfundur félagsins kýs árlega 7 (sjö) menn í stjórn félagsins. Um hæfi þeirra fer að lögum.
- 5.2 Við stjórnarkjör skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna, ef við á. Náist ekki viðunandi lögbundin kynjahlutföll í stjórnarkjöri skal sá einstaklingur eða þeir einstaklingar sem eru af því kyni sem hærra hlutfall er af í stjórnarkjörinu víkja fyrir þeim einstaklingi eða þeim einstaklingum sem eru af því kyni sem lægra hlutfall er af í stjórnarkjörinu. Skal við ákvörðun um hvaða einstaklingur eða einstaklingar taki sæti í stjórn í stað þeirra sem víkja þurfa vegna kynferðis taka mið af atkvæðamagni í stjórnarkjörinu. Hafi ekki nægilega margir af því kyni boðið sig fram til stjórnar skal starfandi stjórn félagsins boða til nýs hluthafafundar þar sem fullnægjandi framboð beggja kynja skal tryggt.

## Framboð

- 5.3 Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu tilkynna félagsstjórn um framboð sitt skemmt 14 dögum fyrir hluthafafund. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.
- 5.4 Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi, með sannanlegum hætti, kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Ef ekki er bætt úr göllum á framboðstilkynningunni innan frestsins, úrskurðar félagsstjórn um gildi framboðs. Unnt er að skjóta niðurstöðu félagsstjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.

- 5.5 Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en 10 dögum fyrir hluthafafund.

## **6 STJÓRNARKJÖR**

- 6.1 Stjórnarkjör fer fram sem meirihlutakosning milli einstaklinga.
- 6.2 Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.
- 6.3 Ef hluthafar félagsins eru 200 eða fleiri geta hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárlins krafist þess að hlutfalls- eða margfeldiskosningu verði beitt við kjör stjórnarmanna. Séu hluthafar færri en 200 þurfa hluthafar sem ráða yfir 1/5 hluta hlutafjárlins að standa að kröfunni.
- 6.4 Krafa um hlutfalls- eða margfeldiskosningu skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund.

## **7 VERKASKIPTING STJÓRNAR**

- 7.1 Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum eins og þurfa þykir.
- 7.2 Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Stjórnarfundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Fund skal og jafnan halda ef einhver stjórnarmanna eða forstjóri krefjast þess.
- 7.3 Stjórnarmönnum er heimil þátttaka í stjórnarfundum með fjarskiptabúnaði.

## **8 STJÓRNARFUNDIR**

### **Lögmæti stjórnarfunda**

- 8.1 Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna tekur þátt í fundarstörfum. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur.

### **Atkvæðagreiðslur**

- 8.2 Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, falli atkvæði jöfn þá skal atkvæði stjórnarformanns vega tvöfalt.

### **Fundargerðabók**

- 8.3 Stjórnendur skulu halda fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

### **Markmið og skyldur**

- 8.4 Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og setur félagini markmið í rekstri með hagsmuni þess og hluthafa að leiðarljósi í samræmi við tilgang félagsins. Stjórnin ræður félagsmálum milli hluthafafunda og skuldbindur félagið með ályktunum sínum og

samningum. Stjórnin ræður forstjóra, einn eða fleiri, ákveður ráðningarkjör og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning.

- 8.5 Stjórnin veitir prókúruumboð.
- 8.6 Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.
- 8.7 Félagsstjórn starfar skv. starfsreglum sem stjórnin setur á grundvelli laga um hlutafélög.

#### **Stjórnarnefndir**

- 8.8 Ef kjörnar eru nefndir á vegum stjórnarinnar skv. ákvæðum í starfsreglum skulu niðurstöður þeirra einungis vera leiðbeinandi fyrir stjórnina en hún ekki bundin af þeim við afgreiðslu einstakra mála nema mælt sé fyrir um á annan veg í lögum.

### **9 FORSTJÓRI**

- 9.1 Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við þær reglur sem honum eru eða verða settar af stjórn félagsins. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikils háttar.
- 9.2 Forstjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.
- 9.3 Forstjóri er skyldur til að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Honum ber að veita endurskoðanda allar þær upplýsingar sem hann óskar.

### **10 REIKNINGAR OG ENDURSKODUN**

- 10.1 Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningurinn skal endurskoðaður af endurskoðunarfélagi. Á aðalfundi skal kjósa endurskoðunarfélag til eins árs í senn.

### **11 EIGIÐ HLUTAFÉ FÉLAGSINS**

- 11.1 Félagini er heimilt að eiga eigið hlutafé allt að 10%. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutum sem félagið á sjálft. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé skal aðeins veitt tímabundið og má ekki vera til lengri tíma en 5 ára. Í starfsreglum stjórnar skal setja reglur um kaup og sölu á eigin hlutum.

### **12 BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS**

- 12.1 Samþykktum félagsins má einungis breyta á löglegum hluthafafundi félagsins, enda sé þess rækilega getið í fundarboði, að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst í meginatriðum. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

## **13 SLIT Á FÉLAGINU**

- 13.1 Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta féluginu, og fer þá um tillögur þar að lútandi skv. XIII. kafla hlutafélagalaga.

## **14 SAMRUNI OG SKIPTING**

- 14.1 Um samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög eða skiptingu fer eftir ákvæðum XIV. kafla hlutafélagalaga.

## **15 SÉRÁKVÆÐI UM HLUTAFJÁRHÆKKANIR OG FLEIRA**

- 15.1 Stjórn félagsins hefur heimild til þess að hækka hlutafé félagsins í áföngum eða í einu lagi um allt að kr. 35.000.000 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar njóta ekki forgangs til áskriftar að þessum nýju hlutum, sem nýttir skulu til að uppfylla kaupréttarsamninga sem gerðir verða við starfsmenn o.fl. samkvæmt þeiri kaupréttaráætlun sem gildir innan félagsins á hverjum tíma. Kaupgengi hlutanna og söluskilmálar skulu vera samkvæmt þeim samningum sem stjórn félagsins eða forstjóri gera við hlutaðeigandi. Gildir heimild þessi í fimm ár frá samþykkt hennar.

(Samþykkt á aðalfundi 20. mars 2024)

- 15.2 Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 75.000.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta. Verð og söluskilmálar hlutanna skulu vera nánar ákveðnir af stjórn félagsins. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, enda séu nýir hlutir notaðir í tengslum við fyrirtækjakaup félagsins eða stefnumarkandi fjárfestingar og verð nýrra hluta eigi lægra en 10% undir skráðu meðaldagslokagengi bréfa félagsins eins og það er skráð fimm dögum áður en sala fer fram á þeim skipulögðu verðbréfamörkuðum þar sem hlutabréf félagsins eru skráð. Hinir nýju hlutir skulu notaðir sem endurgjald í tengslum við fyrirtækjakaup félagsins eða stefnumarkandi fjárfestingar, eða seldir í útboði í umsjón fjármálafyrirtækis. Engar hömlur eru á viðskiptum með hina nýju hluti. Þessir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í féluginu. Þeir skulu veita réttindi í féluginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Stjórn félagsins er falið að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé. Heimild þessi gildir í átján mánuði frá samþykkt hennar að svo miklu leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark.

(Samþykkt á aðalfundi 20. mars 2024)

- 15.3 Stjórn félagsins er heimilt að gefa út jöfnunarhluti á yfirstandandi reikningsári þannig að hlutafé félagsins verði allt að fimmfaldað, eða um samsvarandi fjárhæð í evrum hafi hlutafé félagsins verið breytt í evrur, áður en heimild þessi er nýtt. Skal þá skiptigengið vera það sama og gilti við breytingu hlutafjárins í evrur.

## **16 ÖNNUR ÁKVÆÐI**

- 16.1 Þar sem ákvæði samþykktta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Fyrirsagnir á einstökum greinum og upplýsingar með smækkuðu letri innan sviga eru ekki hluti samþykktanna heldur settar inn til hægðarauka.

Garðabær, 20. mars 2024.

F.h. stjórnar Marel hf. e.u.

  
Árni Sigurðsson, Prókúruhafi